

Landsyfirrjettardómar 1884.

Mánudaginn 28. janúarmán.

Nr. 33/1883

Jón Ólafsson

gegn

Tryggva Gunnarssyni.

Dómur:

Hinn 29. dag ágústmán. f. á. tók ritstjóri og alþingismaður Jón Ólafsson út yfirdómsstefnu gegn Tryggva alþingismanni Gunnarssyni í máli, sem höfðað hafði verið af hinum síðar nefnda út af meiðyrðum, og dæmt fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur. Skyldi stefna þessi koma í dóm 14. janúar 1884. En á ákveðnum degi mætti áfrýjandi ekki og enginn af hans hendi; en af hendi hins stefnda mætti settur málaflutningsmaður Jóhannes Ólafsson og krafðist, að umbjóðanda sínum væri dæmt kostur og tæring.

Sökum þessa ber ex officio að vísa stefnunni í málinu frá yfirdóminum, og ber áfrýjanda að greiða hinum stefnda, er ljet mæta, kost og tæring, er skal ákveðin 10 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Stefnunni í máli þessu visast frá yfirdómi.

Áfrýjandanum, Jóni ritstjóra Ólafssyni, ber að greiða hinum stefnda, alþingismanni Tryggva Gunnarssyni, 10 krónur í kost og tæring, er

lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum. —

Mánudaginn 11. febrúarmán.

Nr. 46/1883

Hið opinbera

gegn

J. Christensen, C. Zimsen
og H. A. Linnet.

D ó m u r :

Með dómi, sem kveðinn var upp fyrir lögreglurjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu 3. dag októbermán. f. á., voru kaupmennirnir J. Th. Christensen, og H. A. Linnet og verzlunarstjóri C. Zimsen, allir búsettir í Hafnarfirði, dæmdir fyrir helgidagsbrot til að lúka 10 króna sekt hver þeirra, er renna skyldi í fátækra-sjóð hlutaðeigandi hrepps, og þar að auki til að greiða hver um sig $1/20$ kostnaðar þess, er af málinu leiddi, en í málinu voru 20 menn dæmdir.

Þessu máli er að beiðni hinna kærðu J. Th. Christensens, H. A. Linnets og C. Zimsens skotið til yfir-dómsins.

Málavextir eru þannig, að hinir kærðu ljetu breiða saltfisk til þurkunar sunnudaginn 27. maímán. f. á.; ljetu þeir breiða hann að morgni dags, snúa honum eptir messu, og taka hann saman eptir miðaptan. —

Með því ekki hefur sannast undir rekstri málsins, að verk þetta hafi verið með öllu nauðsynlegt til þess að varðveita fiskinn frá skemmdum, heldur þvert á móti miklar líkur komnar fram fyrir, að það, alls ekki hafi verið, þá hafa hinir kærðu gjörzt brotlegir mót tilskipun 28. marz 1855 og opnu brjefi